



Flugslysaæfing Egilsstaðaflugvelli September 2018 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Austurlandi
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Frá æfingastjóra.....	2
2	Markmið	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Fimmtudagur 27. september.....	4
3.2	Föstudagur 28. september	4
3.3	Laugardagur 29. september	4
3.4	Æfingastjórn	5
3.5	Ráðgjafar	5
3.6	Þátttaka	5
3.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
3.8	Veður	6
3.9	Framkvæmd.....	6
3.10	Vettvangur.....	6
4	Rýni.....	7
4.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	7
4.1.1	Aðgerðastjórn.....	7
4.1.2	Vettvangsstjórn	8
4.1.3	Björgunarstjóri.....	9
4.1.4	Aðhlyningarstjóri	10
4.1.5	Fjöldahjálp	11
4.1.6	Flutningsstjóri	11
4.1.7	Gæslustjóri.....	11
4.1.8	Leikarar og förðun	12
4.2	Rýnifundur	15
4.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	16
4.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	16
4.3.2	Það sem vel var gert	20
4.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	22
4.3.4	Það sem betur hefði mátt fara	25

1 Frá æfingastjóra

Það má segja að nóg hafi verið að gera á Egilsstaðaflugvelli vikuna 24. til 29. september. Vikan hófst á björgunarstjóranámi hjá starfsmönnum Isavia á flugvellinum. Þátttaka var með eindæmum góð og starfsmenn tóku virkan þátt. Undirbúningur fyrir flugslysaæfinguna hafði verið um tíma enda mikilvægt að hafa alla hluti á hreinu í tengslum við flugslysaáætlunina og allt þarf að stemma. Flugvallarstjóri ásamt þjónustustjóra fóru vel yfir áætlunina og straumlínulöguðu ýmislegt á vellinum og er sú vinna til eftirbreytni fyrir aðra flugvelli.

Þegar að leið á vikuna var augljós spenningur fyrir komandi æfingum. Fræðsla var bæði fimmtudags- og föstudagskvöld fyrir helstu viðbragðsaðila og góðar samræður mynduðust á milli hópa. Fyrri æfingin var á fimmtudagskvöldi að beiðni heimamanna enda áhugi fyrir að prófa leit og björgun í myrkri. Margt lærðist á þeirri æfingu en sérstaklega athygli vakti nýr Rescue Runner frá Björgunarsveitinni Geisla sem gat farið hratt yfir og var með öflugan ljósabúnað. Verkefnið leystist hratt og vel í stilltu veðri og tunglbirtu. Á laugardeginum var æfingin sjálf og vakti athygli að meðalaldur leikenda hefur ekki verið svona ungur frá upphafi. Æfingin gekk vel. Allir fengu góða aðhlyningu og björgunar- og slökkvistörf gengu vel með samstilltu átaki viðbragðsaðila. Stjórnendur náðu ágætistöfum á æfingunni bæði í vettvangsstjórn og aðgerðastjórn en aðila frá björgunarsveitunum var þó saknað á þeim stöðum.

Æfingastjórn þakkar heimamönnum, viðbragðsaðilum og leikurum fyrir gott samstarf og liðlegheit varðandi undirbúning og framkvæmd æfinganna á Egilsstöðum. Slíkar æfingar þjálfar ekki eingöngu viðbragð og samvinnu í flugslysum heldur eflir einnig almennt hópslysaþjálfun í umdæminu.

20. október 2018

Elva Tryggvadóttir

Verkefnastjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia

2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar.

Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar á Egilsstöðum var að æfa flugslysaáætlun Egilsstaðarflugvallar, samvinnu milli viðbragðsaðila og þær áskoranir sem komið geta upp í slökkviþætti, björgun og aðhlyningu þolenda.

Auk þess var haldin minni æfing á Lagarfljóttinu að kvöldlagi til að átta sig á leit og björgun í myrkri en notast var við báta og dróna við úrlausn verkefnisins.

3 Undirbúningur og framkvæmd

Á vormánuðum hófst undirbúningur fyrir tvær æfingar á Austurlandi. Sú fyrri var á flugvelli á Vopnafirði í byrjun júní og sú seinni núna í september á Egilsstaðaflugvelli. Hluti þátttakenda var að taka þátt á báðum stöðum og því fyrri æfingin góður undirbúningur fyrir æfinguna á Egilsstöðum.

Um miðjan ágúst var fundur með helstu viðbragðsaðilum á svæðinu og ræddar væntingar og óskir í tengslum við æfinguna og tekið mið af þeim óskum við uppsetningu dagskrár og æfinga.

3.1 Fimmtudagur 27. september

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti. Boðun hafði þó einnig borist deginum áður eða á miðvikudeginum.

Um kvöldið var setning og fræðsludagskrá fyrir alla þátttakendur í Grunnskólanum á Egilsstöðum þar sem farið var m.a. yfir endurskoðaða flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll, hvernig flæðið er á æfingunni, hvernig þolendur flæða í gegnum æfinguna, hlutverk RKÍ á æfingunni ásamt almennri fræðslu um SST, AST og VST. Mæting var með ágætum.

Um kl. 21.30 var síðan björgunaræfing á Lagarfljótinu þar sem flugvél hafði týnst í aðflugi. Á fundi í ágúst kom fram að aðilar myndu vilja prófa að æfa í myrkri og þrátt fyrir að það dró úr mætingu hjá einhverjum var margt gagnlegt sem kom í ljós þar. M.a. hve góður ljósabúnaður skiptir máli og að bátar séu í lagi.

3.2 Föstudagur 28. september

Á föstudeginum var skrifborðsæfing í Grunnskólanum á Egilsstöðum þar sem allir stjórnendur og verkþáttastjórar mættu til að æfa samvinnu sína fyrir stóru æfinguna. Teknar voru tvær æfingar og mikil umræða var á eftir um gagnsemi æfingarinnar og hvað það var nauðsynlegt að taka tvær keyrslur.

Um kvöldið var stöðufundur þar sem farið var yfir handrit æfingar og ýmis æfingartengd atriði, áhersluatriði við notkun Tetra skoðuð, farið yfir umgengni og notkun á þyrlu, framkvæmd bráðaflokkunar og helstu hlutverk. Fín mæting viðbragðsaðila var á kvöldið en þó nokkuð af fólki kom einnig kvöldið áður.

Á sama tíma og stöðufundurinn var, var fundur fyrir leikara æfingarinnar og í framhaldinu fyrir þá sem myndu aðstoða við förðun fyrir æfinguna. Góð mæting var á fundinn og spenna í leikurum fyrir komandi verkefni.

3.3 Laugardagur 29. september

Fyrir flugslysaæfingar þá hefst undirbúningur og förðun leikara snemma á laugardeginum eða uppúr kl. 8.00. Þegar að allir leikarar eru tilbúnir eru þeir færðir á vettvang þar sem kveiktur er eldur á nokkrum stöðum. Æfingin hófst þegar að eldur hefur náð að krauma smá á „slysavettvangi“. Fyrsta verkefni er í höndum flugvallarstarfsmanna Isavia þar til að aðrir viðbragðsaðilar mæta á vettvang. Slasaðir voru ýmist í eða við bíflök og nokkur klippiverkefni voru til staðar. Á sama tíma og unnið er á vettvangi er söfnunarsvæði slasaðra sett upp og er þar gert frekara áverkamat á þeim sem eru fluttir

þangað til frekari aðhlyningar og forgangsroðunar. Æfingu var lokið um kl. 14.00 og var frágangur á helsta búnaði og tækjum áður en haldið var á rýnifund í Grunnskólanum á Egilsstöðum.

3.4 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá lögregluþyrifvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir Isavia
Æfingastjórn	Bjarni Sighvatsson Isavia
Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Æfingastjórn/aðstoð	Hjalti Bergmar Axelsson Lögreglunni á Egilsstöðum
Æfingastjórn/aðstoð	Jörundur H. Ragnarsson

3.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason Isavia BIAK
Ráðgjafi	Anna Filbert Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Arnoddur Þór Jónsson Isavia BIKF
Ráðgjafi	Einar Strand Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Guðbrandur Lárusson Isavia BIRK
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir Landspítali
Ráðgjafi	Hjálmar Örn Guðmarsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Jón Brynjar Birgisson Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson Isavia BIKF
Ráðgjafi	Steingrímur Jónsson Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir Umsjón leikara og förðun

3.6 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda og leikara á æfingunni var um 200 manns auk 20 tengdum bakskipulagi.

3.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Fimmtudagur 27. september

Lítill 4 manna flugvél er áætluð inn til landingar á braut 04 en stuttu fyrir landingu heyrir ekki lengur frá henni. Vitað er að staðsetning vélarinnar var u.þ.b. um 6 km frá flugvellingnum þegar að síðast heyrðist í henni. Alls eru 4 persónur um borð (POB).

Laugardagur 29. september

Bombardier Q400 frá Austfjarðaflugi er í aðflugi 22 á BIEG, tilkynnir um bilun í vökvakerfi og skerta flughæfni. Andartökum síðar lendir vélin harkalega á braut 22 hjólabúnaður brotnar og vélin snýst, vængir brotna af og vélin fer í nokkra hluta.

Eldsneyti við landingu er 2050 lítrar.

Alls eru 55 persónur um borð (POB), þar af eru 3 í áhöfn.

3.8 Veður

Veður hafði verið frekar kalt dagana á undan og spáin var ekkert sérstaklega góð fyrir stóru æfinguna. Það rættist þó úr veðrinu og milt og svalt veður var á meðan henni stóð.

3.9 Framkvæmd


Flugturn kallaði til Neyðarlínu á Tetra um kl. 11.25 og tilkynnti atburðinn, boð berast á viðbragðsaðila kl. 11.27. Klukkan 14.00 er æfingu lokið og afturköllun kemur frá Neyðarlínu.

Helstu tímasetningar:

- 10.50 Þyrla lendir með greiningarsveit og er sett í biðstöðu
- 11.15. Óvænt útkall í Kópavogi sem veldur auknu álagi á 112
- 11.20 Eldur kveiktur
- 11.25 Æfing hefst
- 11.32 Fyrstu utanaðkomandi slökkvibílar á vettvang
- 11.35 Fyrstu sjúkrabílar á vettvang
- 11.45 SSS virkt
- 12.00 Geisli með tjald á SLY
- 12.00 Fyrstu þolendur á SSS
- 12.40 Sjúkraflug hefst
- 14.00 Æfingu lokið

3.10 Vettvangur


Vettvangur var settur upp við enda flugbrautar (22) við nýja eldfuglinn og dreifðist þar um smá svæði. Fara þurfti fram hjá rafmagnsgirðingu til að komast að hluta vettvangs og náði hann alveg niður að ánni. Erfitt var því að hafa heildaryfirsýn frá einum stað.



4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.



4.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum.

Ráðgjafar meta ákveðna þætti út frá verkefnum aðila, hvort að verkefnum sé sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Metið er á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki sinnt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð.

4.1.1 Aðgerðastjórn

Ráðgjafi lögreglu; Friðjón V. Pálmason.

Nýr hópur starfaði í AST og er mikill áhugi fyrir verkefninu. Þarfnast æfingar og frekari kynningar á hlutverki sínu. Smá hnökur í flæðinu en voru fljót að bregðast við og halda áfram. Búið er að segja upp aðstöðu AST hjá Björgunarsveitinni Hérað og þarf að tryggja AST aðstöðu fljótlega ef það breytist ekki.

Ráðgjafi Slysavarnafélagsins Landsbjargar; Hjálmar Örn Guðmarsson.

Mikið af nýju fólki var hópnum. Góð samvinna á milli aðila. Heilt yfir gekk þetta vel í AST.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var notast við SÁBF við verkaskiptingu	4 - 5
Fengu allir viðeigandi hlutverk	5 - 5
Náði AST tímanlega yfirsýn yfir atburðinn	4 - 5
Náði AST tímanlega yfir þarfir, aðföng og bjargir	4 - 4
Gat AST aflað sér nægjanlegra upplýsinga um ástand og umfang atburðar	4 - 5
Gat AST gefið öðrum greinargóða lýsingu á áststandi í sínu umdæmi	4 - 4
Lagði AST mat á ástandi með tilliti til hvort frekari aðstoðar væri þörf utan umdæmis	4 - 5
Var aðgerðastjóri fljótur að taka stjórn	4 - 5
Gaf aðgerðastjóri greinargóð fyrirmæli	4 - 5
Náði aðgerðastjóri að hafa yfirsýn	4 - 5
Var miðlun upplýsinga með eðlilegum hætti innan AST	5 - 5
Voru haldnir stöðufundir	5 - 5
Voru verkþættir og undirverkþættir mannaðir með tilliti til umfangs aðgerðarinnar	5 - 4
Voru gerð markmið	3 - 3
Var hugað að aðgerðalotum	3 - 3
Var skráð á viðeigandi hátt í aðgerðagrunn	5 - 5
Voru skilmerkileg samskipti við VST	5 - 5
Var mönnun AST með viðeigandi hætti, með tilliti til verkþátta, símsvörun og skráninga	5 - 5
Var aðbúnaður AST með viðeigandi hætti	4 - 4
Var sjúkraflutningur úr umdæmi skipulagður með viðeigandi hætti	5 - 5
Voru aðgerðalok skipulögð með viðeigandi hætti	4 - 5
Voru samskipti við SST með viðeigandi hætti	5 - 5
Voru samskipti við fjöldahjálparstjóra með viðeigandi hætti	5 - 5
Var fjölmiðlum gefnar upplýsingar með viðeigandi hætti	5 - 4
Var þekking og færni fulltrúa í AST með viðeigandi hætti	4 - 5

4.1.2 Vettvangsstjórn

Í vettvangsstjórn mætti enginn frá björgunarsveitunum, einn ráðgjafi SL, Anna Filbert, var því fenginn í það hlutverk til að brúa bilið. Aðilar voru sammála um að það var himnasending að fá aðila/ritara sem kann á aðgerðagrunninn.

Rýni kemur því frá þátttakanda/ráðgjafa.

Fyllti út og vona að komi að gagni, þótt ég hafi verið "beggja megin borðs". Var áður búin að senda hefðbunda rýnipunkta sem almennur þátttakandi í VST.

Segja má að vettvangsstjórn hafi slípast til í skrifborðsæfingunni en þar voru talsverðir hnökrar í upphafi og m.a. SÁBF, stjórnunarspönn og fjarskiptum ábótavant.

Æfingin sjálf gekk hins vegar vel að mínu mati og hópurrinn samstilltur.

Því miður mætti enginn frá SL og ég tók því eitt hlutverk. Starfsmenn Isavia á lausu voru gripnir með í VST og nýttust ágætlega, þótt þeir hefðu ekki fengið þjálfun deginum áður.

Spurning hvort ekki sé gagnlegt að ýta undir að áhugasamir eða aðstoðarmenn séu með á skrifborðsæfingunni sem aukamenn eða áheyrendur?

Mikill lærdómur er fólgin í því að fylgjast með og þannig væri hægt að þjálfa upp fleiri sem geta gengið inn í störf AST, VST eða verkþáttastjórnenda.

Áætlanir hefðu mátt vera markvissari en skrifast á reynsluleysi aðilans sem fékk það hlutverk.

Enginn viðstaddra treysti sér til þess að nota aðgerðagrunninn og kom það því í minn hlut. Virtist vera gengið út frá því almennt að SL tæki það hlutverk og kom babb í bátinn þegar enginn mætti.

Spurning hvort hægt sé að finna tíma og tækifæri á flugslysaæfingum til þess að þjálfa aðila í AST og VST í grunnþætti aðgerðagrunnsins? Ætti ekki að taka langan tíma ef litlir hópar, maður á mann.

Eins og ég skrifaði í hinni rýninni, kom upp núningur milli VST og æfingastjórnar vegna notkunar á þyrlunni. Framvegis þarf að taka skýrt fram áður en æfing hefst, ef æfingastjórn er með annað handrit. [Æfingastjórn hafði ekkert annað handrit en að koma með tillögu að nýtingu, VST hafði fulla fulla stjórn á sínum björgum].

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var yfirsýn yfir atburð náð á viðeigandi tíma	5
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	4
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	4
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	4
Var skipt í stöður í VST	5
Voru fyrirmæli vettvangsstjóra skilmerkileg	4
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	4
Var VST staðsett á viðeigandi stað	5
Var samræming verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Var viðeigandi stjórnunarspönn viðhaldið	5
Voru viðeigandi verkþættir virkjaðir	4
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum	3
Var aðgerðagrunnur notaður á réttan hátt	4
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	4
Var hugað að markmiðssetningu í áætlanagerð	2
Voru settar niður aðgerðalotur	1
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	2

4.1.3 Björgunarstjóri

Ráðgjafi björgunarstjóra; Guðbrandur Lárusson.

Björgunarstjóri; Gott að fá aðstoð/ritara á staðnum, erfitt að komast inn í fjarskipti þegar leið á aðgerð.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	4
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	4
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	5
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	5
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	4
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	5
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	4
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	5
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	3
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	5
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	5
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	5
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	5
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	5
Var gerður vettvangsuppráttur af vettvangi	4
Var framkvæmd leit	5

4.1.4 Aðhlyningarstjóri

Ráðgjafi aðhlyningarstjóra; Guðrún Lísbet Níelsdóttir

Það voru gerðar breytingar á SSS fyrir æfinguna, sem voru að mestu leyti til mikilla bóta. Inngangur var færður þannig að hitastig á rauða og gula svæðinu, sem var mjög kalt á seinustu æfingu, var allt annað, og meiri vinnufriður á þeim svæðum. Gott pláss fyrir áverkamat í nýju uppsetningunni og aukinn fjöldi búkka og borða bauð upp á mikinn sveigjanleika, sem er mjög gott. Eins voru "ambulancarnir" eða hjólabekkir til mikilla bóta fyrir störf á SSS, gjörbreyttu mannaflapörf á SSS og mun þægilegra fyrir sjúklinga. Vert að skoða á stærri flugstöðvum hvort ekki sé hægt að hafa eitthvað í líkingu við þetta til taks, hægt væri að leita lausna sem eru ekki jafn plássfreak en vinna sama verk. Eini gallinn við nýju uppsetninguna er að þetta er mjög dreift um frekar stóra flugstöð, þ.e. grænir í einum enda og hinir í öðrum þannig að það að halda yfirsýn verður alltaf krefjandi verkefni. Heilt á litið er breytingin hins vegar til mikilla bóta. Aðhlyningarstjóri og aðstoðarmaður stóðu sig mjög vel, samvinna þeirra á milli og reyndar milli allra sem komu frá heilsugæslunni áberandi góð. Mjög góð viðbót við æfinguna að fá Viðbragðssveit LSH inn í alvörunni, góð æfing fyrir þau og jafnframt góð æfing fyrir heimafólk að taka á móti þeim og setja þau í vinnu. "Ósýnilegu" flugvélnar, móttaka og nýting gekk betur en oft áður, því er að þakka auknum samskiptum á baklandsrásinni milli mín og SST. Það sem hefði þurft til að bæta það enn betur var að ég hefði mátt vera duglegri að láta SST vita þegar vélarnar voru fullhlaðnar.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	4
Gaf aðhlyningarstjóri greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB, HVE, AST, SST, VST	4
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	4
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	3

Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	4
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	4
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	3
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	4
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	4
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var ástand mála metið reglulega	5
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	5
Var SSS eðlilega mannað	3
Voru samskipti við starfslið SSS næg og skilvirk	5
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	5
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	5

4.1.5 Fjöldahjálp

Ekki barst rýni frá ráðgjafa.

Fjöldahjálparstjóri; telur að það hefði verið gott að hafa eitthvað að maula fyrri krakkana inná SSS því þau voru stressuð og svöng þegar þau komu í hús.

4.1.6 Flutningsstjóri

Ráðgjafar flutningsstjóra; Steingrímur Jónsson og Einar Þór Strand

Fáar bjargir voru svo ekki þurfti að skipa aðila í umsjón með björgum. Samskipti í Tetra voru ekki góð þar sem menn leyfðu ekki þeim fjarskiptum að klárast sem voru hafin. Annars góð æfing.

Ánægja með að fjarskipti voru í eyra, það minnkaði tvítekningar til muna.

Það hefðu mátt vera fleira björgunarsveitarfólk í æfingunni.

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	5 - 4
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	5 - 5
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	4 - 5
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	4 - 5
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	5 - 5
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	5 - 4
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	4 - 2
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	4 - 5
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	5 - 5
Var skipulag flutninga með viðeigandi hætti	5 - 5

4.1.7 Gæslustjóri

Ráðgjafi lögreglu; Friðgerður B. Jónsdóttir

Ekki settar upp ytri lokanir. Flott vinna gæslustjóra sem var í því hlutverki í fyrsta sinn.

Önnur ráðgjöf;

Það hefði mátt hafa eitt hlið inn og eitt hlið út af vettvangi og einn aðila sem að telur slasaða út af vettvangi og fylgist með umferð.

Gæslustjóri; Akstur var of hraður, fór sjálf og færði bíl og fannst fundir með aksturleiðirnar mjög gagnlegir.

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði gæslustjóri yfirsýn yfir atburð á viðeigandi tíma	4 - 4
Aflaði gæslustjóri sér nægjanlegra upplýsinga til að meta stærð og umfang gæslustarfa	5 - 4
Var gæslustjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur á vettvangi	4 - 4
Var gæslustjóri með góða yfirsýn yfir verkefnið	5 - 4
Fengu starfsmenn í gæslustörfum skýr fyrirmæli	5 - 4
Var lendingarsvæði þyrlu sett upp með viðeigandi hætti	5 - 3
Voru lokanir settar upp á viðeigandi stöðum	5 - 4
Voru talningarstaðir settir upp á viðeigandi stöðum	5 - 3
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	5 - 4
Voru samskipti við aðra verkpáttastjóra með viðeigandi hætti	5 - 4
Var skipulag innri og ytri lokana með viðeigandi hætti	5 - 3
Voru merkingar á lokunum settar upp og skilvirkar	5 - 3
Var umferðaskipulag innan flugvallar skilvirkt	5 - 5
Var umferðaskipulag utan flugvallar skilvirkt	5 - 4

4.1.8 Leikarar og förðun

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa.


Vel gekk að fá leikara á æfinguna og voru þeir alls 48, athygli vakti að líklega hefur þessi æfing verið með yngsta meðalaldur leikara. Góð aðstaða var til förðunar í Grunnskólanum á Egilsstöðum og fengust nokkrir aðstoðaraðilar við hana. Aðstoðaraðilar voru helst til ungir en stóðu sig með sóma og bæta þurfti við aðstoð frá öðrum ráðgjöfum vegna þessa.

Könnun meðal leikara

Könnun var gerð á því hvernig leikurum fannst til takast en óvenju ungir leikendur voru þetta árið og svarhlutfall um 30%.


Hvernig fannst þér undirbúningur fyrir æfinguna?

Answered: 15 Skipped: 0




Hvernig fannst þér æfingin ganga?

Answered: 15 Skipped: 0




Hvernig fannst þér tímalengd æfingarinnar?

Answered: 15 Skipped: 0




Fundust allir áverkar?

Answered: 15 Skipped: 0




Hvernig fannst þér meðferðin á þér af hálfu björgunaraðila?

Answered: 15 Skipped: 0



Hvernig fannst þér fylgst með líðan þinni á:

Answered: 15 Skipped: 0



Hvað fannst þér jákvætt við æfinguna:

- Það voru allir í góðu skapi og reyndu að fá alla til að líða vel.
- Hvað hún var skemmtileg.
- Mér fannst mjög jákvætt hvað björgunarsveitin var ekki lengi að bjarga mér, þau sáu mig og bara „já komdu með okkur, fáðu þér sæti hérna“ mjög hjálpsöm.
- Hvað allir voru elskulegir og til í að aðstoða.
- Mér fannst bara allt mjög jákvætt við æfinguna.
- Mjög gaman og flott lið.
- Maður lærði mikið af þessu, þetta var eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert og lærði helling af þessu og þetta var mjög krefjandi verkefni sem var mjög skemmtilegt og allir tóku þessu vel.
- Þetta var eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert og mér fannst líka margir vera að hugsa um mig.

Hvað fannst þér neikvætt við æfinguna:

- Var rauður og það var mjög seint tekið mig inn sama hvort það var beðið eftir börum mjög lengi og enginn kom nema einn maður og beið með mér.
- Á SSS fengust mjög lítil svör við spurningum. Það var skrifað niður en ekki fengust upplýsingar um börnin. Í lok æfingar var svo kallað á mig og hafði þá barnið verið á rauða svæðinu í langan tíma. Hefði þetta verið raunveruleikinn hefði ég verið orðin sturluð. Það virtist sem vantaði samskipti á milli svæða.
- Hvað hún var stutt.
- Mér fannst lækarnir inná SSS ekki nógu duglegir þeir bara spurðu hver er púlsinn minn núna en hvernig var hann áðan, hver er öndunin og blóðþrýstingurinn þau skrifuðu það ara niður og gáfu þér blaðið/bókina.
- Ég varð viðskila við farþegana sem voru með mér, og fannst ég ekki fá miklar eða neinar upplýsingar um hvar þeir voru niður komnir.
- Ég hefði búist við því að það hefði verið tékkað meira á mér þegar ég var á söfnunarsvæði slasaðra.
- Ekki allir að vanda sig nóg og vel við flutning.
- Ekkert þetta var allt mjög skemmtilegt.
- Mér fannst held ég bara ekkert.

4.2 Rýnifundur

Að lokinni æfingu var farið í Grunnskólann á Egilsstöðum þar sem öllum þátttakendum var boðið uppá gómsæta gúlassúpu.

Æfingastjóri hélt utan um stuttan rýnifund þar sem stjórnendur og verkþáttastjórar fóru yfir hvernig hefði gengið á þeirra póstum.

Viss tímamót voru fyrir tvo einstaklinga á æfingunni en fyrir þá Bjarna Sighvatsson Isavia og Baldur Pálsson slökkviliðsstjóra þá var þetta þeirra síðasta flugslysaæfing, en þeir eru báðir að ljúka störfum vegna aldurs á komandi mánuðum. Fengu þeir félagar að segja nokkur orð ásamt því að fólk stóð upp með lófaklappi, enda Bjarni verið með flugslysaæfingar Isavia undir sínum hatti síðastliðin 14 ár.

Óskar yfirlögregluþjónn sleit svo æfingunni formlega fyrir hönd Lögreglunnar á Austurlandi.

Rafræn rýni

Rýni að loknum æfingum fer út rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

4.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

4.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 27 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum.

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Flugturn	7.41%	2
Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík (OACC)	0.00%	0
Neyðarlínan - 112	0.00%	0
Aðgerðastjórn - AST	7.41%	2
Vettvangsstjórn - VST	7.41%	2
Samhæfingarstöðin - SST	0.00%	0
Lögregla	11.11%	3
Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra	0.00%	0
Flugvallarþjónusta	7.41%	2
Slökkvilið	11.11%	3
Heilbrigðisþjónusta	18.52%	5
Svæðisstjórn björgunarsveita	3.70%	1
Björgunarsveit	22.22%	6
Rauði krossinn	14.81%	4



Myndir: Guðbrandur Örn Arnarsson



Myndir: Guðbrandur Örn Arnarsson



Myndir: Guðbrandur Örn Arnarsson

4.3.2 Það sem vel var gert

4.3.2.1 Undirbúningur æfingar – það sem vel var gert

Rýnipunktur	Eigandi
Skipulag nokkuð gott	Æfingastjórn
Flest, nema mér fannst fræðslan um fjarskipti mjög í skötulíki og var þó talað um á undirbúningsfundi að taka þau sérstaklega fyrir	Æfingastjórn
Held að allt hafi gengið vel	Æfingastjórn
Vel	Æfingastjórn
Kom ekki að undirbúningi æfingar	NA
Gott skipulag og fyrirfram skýrar linur um hlutverk þeirra sem koma að æfingunni	Æfingastjórn
Já við hittumst kvöldið áður og fórum yfir undirstöðurnar	NA
Yfir höfuð góður undirbúningur	Æfingastjórn
Allt	NA
Vel farið yfir okkar hluta	NA
Tók ekki þátt í neinum undirbúningi	NA
Vel staðið að þessu	Æfingastjórn
Fundir og skrifborðsæfing	Æfingastjórn
Gagnlegar æfingar fyrir útkall. Útkall barst. Tvær í liðinu. Önnur fór og opnaði Hlynsdali sem átti að vera móttaka aðstandenda og hin í Nettó til að kaupa kaffi og meðlæti	Rauði kross
Skrifborðsæfingin á föstudeginum hjálpaði mikið til þar sem aðilar gátu slípað sig saman	Æfingastjórn
Ágætlega	NA
Undirbúningur æfingarinnar gekk vel. Námskeið og upprifjanir sem voru haldnar dagana á undan nýttust vel þegar á reyndi	Æfingastjórn
Skrifborðsæfingar og kynningar góðar og gagnlegar	Æfingastjórn
Tók ekki þátt í undirbúningi	NA
Að koma fram hvernig verklag æfingarinnar færi fram, vorum vel upplýst um hvernig hlutirnir færu fram á vellinum	Æfingastjórn
Ég gat því miður lítið tekið þátt í undirbúningi æfingarinnar en komst þó á stöðufundinn á föstudeginum og þótti mjög nytsamlegt að fá svona gott yfirlit yfir það sem átti að fara fram	Æfingastjórn
Gott að fara yfir bráðaflokkun. Það er samt ennþá að valda smá ruglingi að flokkun á vettvang og flokkun eftir skoðun er ekkert endilega sá sami og byggir ekki alveg á sömu atriðum	Heilbrigðisráðgjafi
Skrifborðsæfingin var mjög hjálpleg	Æfingastjórn
Mjög vel, það var lyklatriði að vera með skrifborðsæfingu	Æfingastjórn
Útskýring á spjöldunum	Heilbrigðisráðgjafi
2 run á skrifborðsæfingu. Gott að prófa mismunandi verklag	Æfingastjórn
Allt	NA

4.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar – það sem vel var gert

Rýnipunktur	Eigandi
Tók ekki langan tíma	NA
Flestir virtust vera með hlutverk sín á hreinu	NA
Æfingin gekk í heildina vel. Samskiptin voru að mestu góð, á tímabili fórum við björgunarstjóri yfir á aðra rás og gekk það mjög vel, þá var beint samband við björgunarstjóra úr vettvangsstjórn og gaf það góða raun, enginn annar að trufla.	Slökkvilið og VST
Það sem að okkur sneri gekk almennt vel, umsýsla flugbrautar, móttaka flugvéla o.þ.h.2/3 af flugvélum sem flytja áttu sjúklinga frá SSS fór aftur af staðnum sem er framför. Fjarskipti gengu nokkuð vel, og var það mikil framför, sjá þó lið 6.	Flugturn
Vel mannað á flestum sviðum, fjarskipti gengu heilt yfir vel. Það að nýta aðgerðagrunn Almannavarna var mjög gott og stytta fjarskiptasamskipti.	VST – AST - SST
Fjarskipti. Umferð á vettvangi.	Allir - Gæslustjóri
Allt rennsli æfingarinnar gekk mun betur en á síðustu æfingu.	Allir
Nánast allt, meira að segja fjarskipti gengu þokkalega.	Allir
Það sem sneri að slökkvihluta, einnig gekk vel að ná fólki úr braki.	Slökkvilið
Heilt yfir gekk æfingin vel. Fjarskipti gengu vel og úrlausn verkefna.	Allir
Flæði var þokkalegt og samskipti með besta móti.	Allir
Bjargir á vettvang.	Allir
Uppsetning móttöku aðstandenda gekk vel.	Rauði kross
Talningin gekk vel og samskipti fóru nokkuð vel fram þó fjarskiptaáætlun var ekki virkjuð að fullu. Aðilar í vettvangsstjórn unnu vel saman.	VST- Gæslustjóri
Gekk vel	Allir
Æfingin fannst mér að mestu leiti ganga vel. Fjarskipti voru í lagi heilt yfir. Flæði bjarga til og frá vettvangi var hnökralaust. Samstarf og samvinna björgunaraðila var góð.	Allir
Samvinna viðbragðsaðila, fjarskipti einnig. Aðstaðan í flugstöð góð fyrir VST.	Allir - VST
Ég held að verkefnið hafi gengið vel yfir höfuð. Fjarskiptin gengu mjög vel, mestöll umferð á einum talhóp og ekkert óþarfa gjamm. Hefði mátt virkja fleiri talhópa til að flækja málin því það gerist þegar að raunveruleikinn bitur.	VST
Samskipti, samvinna og yfir höfuð fannst mér æfingin ganga mjög vel.	Allir
Heilt á litið gekk flæði verkefna vel. Mitt hlutverk var á þröngu sviði en á snertipunktum mínum við bæði slysstað og SSS gekk allt smurt.	Fólk á SLY og SSS
Mjög gott að eiga hjólaborðin fyrir flutninga. Þurfum að passa að setja ekki upp of mikið af beddum og snemma, geta verið fyrir.	Rauði kross
Æfingin gekk mjög vel að mínu mati.	Allir
Já það gekk mjög vel á æfingu og björgunarstarf gekk með besta móti.	Allir
Fengum góðar leiðbeiningar hvar við ættum að byrja að flokka og í hvaða átt ætti að halda.	Björgunarstjóri
Allir verkþættir gengu vel. Nýtt verklag prófað í samskiptum við AST við SST þ.e.a.s. Aðgerðagrunnur notaður til að koma upplýsingum á milli. Gafst mjög vel og verður örugglega gert aftur.	AST - SST

4.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

4.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Eigandi
Gervifólkið sem ekki var en átti að vera	Æfingastjórn
Sjá allt að ofan	NA
Það hefði mátt útskýra betur hver hlutur þyrlusveitar væri, hvernig að koma þyrlunnar væri hugsuð	Æfingastjórn
Sjá lið 3	NA
Dagskrá eða drög að henni hefðu mátt liggja fyrir heldur fyrr	Æfingastjórn
Á ekki við	NA
Slökkviliðið hefði mátt svara ítrekuðum tilmælum Isavia fyrr um tilnefningar í lykilstöður. Slökkviliðsstjórar gátu ekki mætt á fyrsta fund með viðbragðsaðilum vegna starfa annars staðar og var það ekki gott upplegg af hendi slökkviliðsins	Slökkvilið
Ekkert	NA
N/A	NA
Hefði mátt fara betur yfir það hvað fólk átti að gera þegar þeirra verkefni er lokið	VST
Of fáir sjálfboðaliðar – þannig þeim var öllum beint á flugvöllinn	Björgunarsveitir Rauði kross
Vettvangsstjórn hefði mátt vera með flugslysaáætlunina með sér á prentuðu eða tölvutæku formi og notað hana sem gátlista	VST
Að fá dagskrá fyrr t.d. um námskeiðin og fundina	Æfingastjórn
Ég man ekki eftir neinu eins og er	NA
Hefði mátt vera skyldumæting á fundina svo ALLIR fái sömu vitneskju um æfinguna sjálfa	Æfingastjórn
Óljóst hvað á að gera með börn, og hvernig barnaflokkunarskalinn er, t.d. hvort ungabarn sem kemur inn sem rautt vegna aldurs, en reynist óskaddað, má fara yfir á græna svæðið að því loknu. Búið var að segja að um 30 manns frá RK væru að koma frá fjörðum, enginn kom. Hvað klikkaði? Fengu þeir boðunar SMS? Hver var búinn að melda allt þetta fólk? Þarf að skrá nöfn og kt væntanlegra þátttakenda, ekki bara „4 frá Reyðarfirði“ eða „17 frá RK“	Heilbrigðisráðgjafi Rauði kross
Ekkert sem mér dettur í hug	NA
Ekkert	NA
Hefði gjarnan vilja hafa meira af myndrænum upplýsingum	Æfingastjórn
Tímasetning æfingar á fljótinu hefði mátt vera fyrr um kvöldið. Þetta hafði áhrif á mætingu en var lagað með því að flýta æfingunni	Æfingastjórn
Ekkert	NA

4.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Eigandi
Vantaði fólk á stöðvar en þá gleymdist að gera ráð fyrir að það var samt fólk (tilbúið)	Rauði kross?
Hún gekk kannski full hratt fyrir sig og leið fyrir fólksfæð amk í upphafi	Björgunarsveitir Rauði kross
Flest í sambandi við þyrluna hefði mátt ganga betur, við í vettvangsstjórn vorum búin að gefa það út að þyrlan færi ekki í að flytja fólk af slysavettvangi og SSS, eins og björgunarstjóri hafði beðið um. Heldur yrði hún til taks til að	VST / LHG

<p>flytja sjúklinga af SSS og þá á sjúkrahúsið á Neskaupstað. Við vorum varla búin að gefa það út þegar þyrlan fer í loftið og flýgur á slysavettvang að við teljum án heimildar okkar í vettvangsstjórn.</p> <p>Einnig var talað um hjá þeim sem komu að vinnu á slysstað að það vantaði á rýnifundinum eftir æfinguna að einhver af þeim sem voru að fylgjast með að allt væri eftir bókinni, stæði upp á fundinum og færi yfir hvað fór vel og hvað ekki.</p>	Æfingastjórn
<p>Gæslustjóri var til að byrja með fullfljótur á sér að opna flugbraut eftir landingu flugvéla, en það lagaðist er á leið.</p> <p>Fjarskiptaskipulag var ekki virkjað með formlegum hætti, og því var flugturn allan tímann á Blár 7.0 en ekki VST7 eins og hann á að vera í skipulaginu. AST lýsti því yfir að þau færu AF B170 sem hefði kannski átt að ýta við VST um að virkja fjarskiptaskipulagið.</p>	Gæslustjóri VST
<p>Fáir frá svæðisstjórn sem gerði of fáa í AST. Tveir farþegalistar í gangi sem truflaði vinnu. Loggari AST verður fyrir truflun og þarf að huga að heyrnarhlífum fyrir hann.</p>	AST
<p>Þegar minn hópur kemur fyrst inn á vettvang er spurt hver er í forsvari fyrir Jökul 1. Ég tek það hlutverk. Ritari björgunarstjóra segist ætla koma og taka nánari upplýsingar síðar sem gleymdist í öllum hamanganginum. Hefði gjarnan viljað skipta fjarskiptum á milli rása stundum var mikið blaður á rás blár 7-0.</p>	Björgunarstjóri VST
<p>Ekkert skar sig úr svo vandséð er hvað hefði mátt betur fara.</p>	NA
<p>Hefði viljað sjá fjarskiptaplanið virkjað, bara svo það hefði verið æft líka.</p>	VST
<p>Stjórnendur hefðu mátt vera með betri yfirsýn, eða tilnefna einn stjórnenda í hverri aðgerð fyrir sig.</p>	VST - AST
<p>Var lítið í samskiptum við björgunarstjóra. Held að hann hafi ekki haft nægja yfirsýn yfir vettvanginn sem var dreifður og því nýting mannskaps og búnaðar ekki sem bestur.</p>	Slökkvilið
<p>Skilgreining á því hvað þeir sem voru verkefnalausir undir lokin ættu að gera.</p>	VST
<p>Ef vitað hefði verið að sjálfboðaliðar hefðu verið of fáir hefðum við gert meira gagn á flugvellingum. (Við kunnum að opna fjöldahjálpastöð og taka á móti óslösuðum). Vantaði tetrastöð – vissi lítið hvað var að gerast.</p>	VST – AST
<p>Vettvangsstjórn hefði þurft að senda mann á slysstað til að fá heildarmynd af slysavettvangi. Miðað við umfang æfingar hefði verið betra að virkja fjarskiptaskipulagið til fulls. Samskiptaleyfi á milli þyrluhafnar og vettvangsstjórnar var algjört þar sem þyrlan fór á slysavettvang gegn beiðni vettvangsstjórnar. Ég hefði viljað sjá vettvangsstjórn vera með flugslysaáætlun upp á borði til notkunar. Það kom enginn frá svæðisstjórn björgunarsveita í vettvangsstjórn en aðili frá björgunarsveitinni Kjölur Kjalarnesi tók það sæti en hún ætlaði að vera observer á æfingunni.</p>	VST VST / LHG Björgunarsveitir
<p>Að hafa fleiri burðarmenn á svæði slasaðra.</p>	Aðhlyningarstjóri
<p>Brunavarnir á Austurlandi virðast ekki hafa fengið útkall. Ég hefði þurft að skipta vettvangnum upp í minni einingar og einhvern ákveðinn aðila á hverjum stað til að miðla upplýsingum til mín. Það hefði gert yfirsýnina betri.</p> <p>Slökkvistarfi í upphafi hefði mátt vera markvissara til að hluta tryggja vettvang betur en fjarskipti við fyrsta bíl voru ekki í lagi þannig að ekki var hægt að koma upplýsingum til hans um hvað var ætlast til að hann gerði. Þarf að vera skrifblokk og skriffæri föst við björgunarstjóravesti til að tryggja að hægt sé að halda utan um aðgerðir á vettvangi og hafa betri yfirsýn.</p>	Æfingastjórn Slökkvilið Isavia
<p>Þátttaka aðgerðastjórnenda frá SL var ekki nógu góð og erfitt að eiga við. Etv fleiri fartölvur með þeim sem manna AST.</p>	Björgunarsveitir

Upplýsa þarf VST fyrir fram, ef æfingastjórn er með ákveðnar hugmyndir að verkefnum fyrir þyrlu svo ekki verði ágreiningur eins og á æfingunni.	
Ég var að flytja slasaða af slyssað í SSS og það hefði verið gott ef einhver einn hefði tekið að sér að raða í bílana eftir getu hvers þeirra. Það er heilt hlutverk. Ég fór eina of "ódyra" ferð mv getu. Í raun koma miklu fleiri bílar og þetta gæti orðið mikið kraðak. Í SSS gekk ekki nógu vel að fá börur til baka, við þurftum á þeim að halda til að sækja fleiri. Vantar upp á ákveðið flæði þar. Ég held að það þurfi að virkja fleiri ofur skipulagða einstaklinga til að sjá um afmörkuð verkefni t.d. talningu, hleðslu í bíla, sortera upplýsingar milli talhópa ef eru o.s.frv. Furðulegast af öllu fannst mér þyrlan og hvað hún var að brasa á tímabili. Ég kom keyrandi eftir flugbrautinni með tvo rauða sjúklinga og þyrlan var sveimandi í mjög lítilli hæð yfir flugbrautinni þannig að hún stoppaði bílaumferðina. Ég nánast var stopp í drjúgan tíma vegna þyrlunnar og skil ekki enn hvað þeir voru að athafna sig þar. Í raunveruleika hefði mér heldur ekki staðið á sama að koma keyrandi aftan að þeim undir sambærilegum aðstæðum.	Björgunarstjóri Aðhlyningarstjóri Flutningsstjóri Gæslustjóri VST
Upplýsingum til Rauða krossins komust kolrangt til skila og lokuðust konurnar út af vellinum í góðan tíma með sjúkrabeddana aftur í. Sem hefði getað farið öðruvísi.	Rauði kross Aðhlyningarstjóri
Ég hef ekki neinu að bæta við það sem kom fram á rýnifundi.	NA
Rauði krossinn var send út á flugbraut því þar var kallað eftir allar tiltækar bjargir. Þurfum sjálf að vera meðvituð um að hlýða ekki vitleysu heldur mótmæla slíkar augljósar villur. Þurfum að muna betur að tala meira við sjúklingana á gula og rauða svæðinu og útskýra hvað við erum að gera. Við rauðakross fólkið þurfum stundum örlítið betri tilsögn frá starfsmönnum heilsugæslunnar þegar við erum að aðstoða þá, þar sem við erum ekki nærri því jafn sjóuð og þau í aðhlyningu slasaðra, og áttum okkur kannski seint á hvað er ætlast til að við skráum og hvar.	Rauði kross Aðhlyningarstjóri
Aðilar sem var að koma með sjúklinga að SSS hefðu mátt láta lögreglu vita hvaða sjúklingar voru úr áhöfninni, til þess að við gætum tekið þá til hliðar. Annars mjög fínt!	Björgunarsveitir Sjúkrabílar
Ég átti í erfuleikum með fjarskipti við björgunarstjóra Isavia og vettvangsstjórn í gegnum Tetra.	VST
1. Spjaldið sem við greinum eftir rifnaði fljótlega eftir að ég byrjað að flokka, þarf að vera úr sterkari pappír og kósa eða eitthvað í gatinu þar sem teygjan festist í. 2. vont að skrifa með blýanti á spjaldið til að telja, ? hvort hægt sé að gera þetta öðruvísi - t.d. skafmiðakerfi á talningunni, þá þarf ekki að skrifa. 3. Mér fannst erfitt að koma upplýsingum til flutningsaðila varðandi mína flokkuðu einstaklinga. Í raun náði ég aldrei sambandi til að láta vita af rauðum og gulum af fyrra bragði. Gott væri ef hver greiningasveit hefði stangir með gulum og rauðum flöggum til að merkja þá staði sem fólk liggur og búið er að flokka og flöggin gefa til kynna forganginn. Það er erfitt fyrir alla aðila að hafa yfirsýn yfir hver er næstur og svo frv. EF flutningsfólkið getur séð með því að líta yfir svæðið hvar eru rauð flögg, þá verður flutningurinn mun nær því að vera eftir forgangi sjúklinga. Bara hugmynd! 4. Þarf að auðkenna fólk betur, flutningsfólk þarf að vera í ákv. lita vestum, slökkviliðinu ætti að duga að vera í sinni múderingu, en annars erum við aldrei of vel merkt. ÉG var í sjúkraflutninga fötunum mínum en ekkert sem gaf til	Æfingastjórn Æfingastjórn Isavia Aðhlyningarstjóri Allir

kynna að ég væri í greiningasveit og hvað þá að ég væri líka hjúkrunarfræðingur.	Aðhlyningarstjóri
5. Þegar ég kom inn á SSS þá fannst mér verkskipan ekki nægilega skýr. Fólki sem er á rauða svæði á að vera á rauða svæðinu, ekki flakkandi á milli. Það er það mikið verk að halda utan um það eftirlit og þá umönnun á fólki á hverju svæði fyrir sig að fólk nær ekki að sinna því sem skyldi ef það er flakkandi á milli svæða. Verður líka til þess að fólk getur gleymst...eins og kom fyrir óbreytta borgarann úr flugstjórnarklefanum. Ég vissi ekki við hvern ég átti að tala til að fá verkefni. Talaði við aðhlyningarstjórnann sem sendi mig inn á rauða og gula svæði en þegar þangað var komið fann ég engan til að útteila verkefnum. Enn og aftur vantar vestin og merkingar á þau. Eins tel ég mikilvægt ef hægt er að aðgerðina svæðin eins vel og hægt er svo gult og rautt renni ekki saman. Betra er að vera einn með yfirumsjón með 20 einstaklingum en 2 með yfirumsjón með 25...það fer allt í fókki ;-). ÉG hefði vilja setja límband eða eitthvað á gólf til að aðgreina þessi svæði og að fólk haldi sig á sínu svæði!	
Smá ruglingur með farþegalista, tveir listar í gangi. Annað mjög gott.	Æfingastjórn
Splitta talhópum strax.	VST

4.3.4 Það sem betur hefði mátt fara


Rýnipunktur	Eigandi
Æfingin í heild gekk vel að mínu mati	Allir
Takk fyrir mig	Allir
Umhugsunarvert er hversu kostnaður slökkviliðsins er orðinn mikill vegna þessara æfinga en Brunavarnir á Austurlandi eru aðilar að viðbragðsáætlun á Vopnafjarðarflugvelli og tóku þátt í æfingu þar í vor. Samanlagður launakostnaður við æfingarnar er um 900.000 fyrir utan launatengd gjöld. Slökkviliðsstjóri telur ósanngjarnt að aðildarsveitarfélög Brunavarna á Austurlandi beri þennan kostnað.	Almannavarnir [æfingu á Vopnafirði var seinkað um rúmlega hálf ár og því lenda æfingarnar á sama ári, sem er annars ekki]
Þarf að yfirfara gátlista í turni.	Isavia
Vel að verki staðið.	Allir
Lærdómsrík og flott æfing og þátttaka góð.	Allir
Oftar æfingar	Allir
Lærdómsrík æfing sem mér fannst skila miklu þegar upp er staðið	Allir
Legg til að í komandi æfingum verði notaðar litlar flugvélar til að líkja eftir umferð sjúkraflugfara. Ætti að vera vel framkvæmanlegt og gefur betri mynd í tíma.	Æfingastjórn
Fannst vettvangar vel upp settir og skipulag æfingar í heild sinni.	Æfingastjórn Ráðgjafar
Bara virkilega flott.. og það er í raun fínt að það séu ekki allir að mæta á alla fundi því í raunveruleikanum munum við ekki geta fundað um hópslys áður en það gerist. Það er bara prófaun að reyna að koma upplýsingum áfram á þá sem ekki hafa mætt. Hluti að þeim samskiptum sem við þurfum að eiga í alvöru slysi.	Allir
Keep up the good work	Allir
Takk fyrir mig	Allir

4.3.4.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,0 af 10.

Q7 Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10? Þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg.

Answered: 27 Skipped: 0



	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	TOTAL	WEIGHTED AVERAGE
(no label)	0.00%	0.00%	0.00%	0.00%	0.00%	3.70%	7.41%	14.81%	33.33%	40.74%	27	9.00
	0	0	0	0	0	1	2	4	9	11		